# IPMA Alþjóðavottanir í verkefnastjórnun

2026

Agnes Hólm Gunnarsdóttir – framkvæmdstýra VSF



# Verkefnastjórnunarfélag Íslands(Project Management Association of Iceland/IPMA Iceland)

VSF hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun verkefnastjórnunar á Íslandi allt frá stofnun félagsins árið 1984. Árið 1997 markaði tímamót þegar vottun verkefnastjóra hófst á Íslandi, og síðan þá hefur félagið verið leiðandi í að setja faglega staðla fyrir íslenska verkefnastjóra.
Félagar í VSF verða sjálfkrafa félagar í IPMA.

## Alþjóðasamtök

VSF er fullgildur aðili að IPMA (International Project Management Association) sem starfar í 71 landi í öllum heimsálfum.

## Norrænt samstarf

Félagið tekur virkan þátt í NORDNET samstarfinu sem styrkir tengsl við önnur norræn verkefnastjórnunarfélög.

vsf / Verkefnastjórnunarfélag Íslands

IPMA ICELAND international project management association

# IPMA staðlar - dæmi

IPMA staðlar veita heildstæðan ramma utan um verkefnastjórnun. Þeir eru byggðir á áratuga reynslu og þróun fagaðila í verkefnastjórnun um allan heim og eru stöðugt uppfærðir til að endurspegla nýjustu þekkingu og bestu starfshætti.




## Grunnviðmið um framúrskarandi verkefni

Lýsir hvernig meta skuli framkvæmd og árangur verkefna




## Grunnviðmið um hæfni skipulagsheilda

Veitir leiðbeiningar um hvernig skipulagsheildir geta aukið hæfni sína í verkefnastjórnun




## Grunnviðmið um hæfni einstaklinga

Skilgreinir hæfniviðmið fyrir verkefnastjóra á öllum stigum

# Grunnur vottunarkerfis IPMA

Vottunarkerfið byggir á þremur grunnstöðlum sem mynda heildstæðan ramma utan um fagþekkingu í verkefnastjórnun. Þessir staðlar eru aðgengilegir á íslensku og ensku og eru hornsteinn vottunarferlisins.




## Hæfni einstaklinga




## Reglur um vottunarstarfsemi

**1**

### Íslenska

Sækja grunnviðmið á íslensku

**2**

### Enska

Sækja grunnviðmið á ensku

Sækja reglur um vottunarstarfsemi á vegum IPMA

IPMA®, IPMA ICB®, IPMA Level A®, IPMA Level B®, IPMA Level C®, IPMA Level D® eru skrásett vörumerki.

[MyIPMA - IPMA INTERNATIONAL PROJECT MANAGEMENT ASSOCIATION](https://myipma.ipma.world/)

(*I am a member of national IPMA Member Association (MA)*

Félagaaðild að VSF - Verkefnastjórnunarfélagi Íslands




https://myipma.ipma.world/

# 3 viðfangssvið – 4 stig

IPMA vottunarferlið byggir á þremur grunnviðfangsviðum verkefnastjórnunar og fjórum mismunandi hæfnisstigum. Þessi nálgun tryggir heildstætt mat á hæfni verkefnastjóra og tekur tillit til bæði tæknilegra þátta og persónulegrar hæfni.

## Viðfangssvið

- Verkefnastjórnun (Project Management)
- Verkefnaskrárstjórnun (Programme Management)
- Verkefnastofnsstjórnun (Portfolio Management)

## Vottunarstig

- A-stig: Director
- B-stig: Senior Manager
- C-stig: Manager
- D-stig: Associate

| | | Domain | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Project** | **Programme** | **Portfolio** |
| Level | A | Certified Project Director<br>Certified Agile Organisational Leader | Certified Programme Director | Certified Portfolio Director |
| | B | Certified Senior Project Manager<br>Certified Agile Senior Leader | Certified Senior Programme Manager | Certified Senior Portfolio Manager |
| | C | Certified Project Manager<br>Certified Agile Leader | | |
| | D | Certified Project Management Associate<br>Certified Agile Associate | | |

# Viðfangssvið / Hæfnissvið / Hæfnisþættir




Hæfnisviðmiðin eru byggð á þessum aðalhæfnissviðum sem mynda heildstæðan ramma utan um þá þekkingu, færni og getu sem verkefnastjóri þarf að búa yfir. Hvert hæfnissvið inniheldur margvíslega hæfnisþætti sem metnir eru í vottunarferlinu.

### Samhengi

Hæfnisþættir sem tengjast samhengi verkefna, svo sem stefnumótun, stjórnhættir, samþætting og árangursmælikvarðar

### Aðferðir

Hæfnisþættir sem tengjast tæknilegum þáttum verkefnastjórnunar, þ.m.t. skipulag, áætlanagerð, gæðastjórnun og áhættustýring

### Fólk

Hæfnisþættir sem tengjast mannlegum þáttum, svo sem sjálfsskoðun, leiðtogahæfni, teymisvinnu og samskiptum

# Öll próf byggja á þessum 28 hæfniþáttum

# Af hverju vottun?

### Fagleg viðurkenning

Alþjóðlega viðurkennd staðfesting á hæfni þinni sem verkefnastjóri

### Samkeppnisforskot

Vottunin skapar þér sérstöðu á vinnumarkaði og eykur tækifæri þín

### Fagleg þróun

Vottunarferlið sjálft er lærdómsríkt og hjálpar þér að bæta þína faglegu hæfni

IPMA® ICELAND | international project management association

# IPMA Vottun á 4 stigum

Verkefnastjórnunarfélag Íslands

### IPMA Level D – Certified Project Management Associate

Krafa til þekkingar á hæfniþáttum verkefnastjórnunar. Ekki gerð nein krafa um reynslu. Hentar vel þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í verkefnastjórnun.

### IPMA Level C – Certified Project Manager

Krafist er a.m.k. 3 ára reynslu af stjórnun verkefna með miðlungs flækjustig. Vottun fyrir reynda verkefnastjóra sem hafa sýnt getu til að stýra verkefnum af miðlungs umfangi.

### IPMA Level B – Certified Senior Project/Programme/Portfolio Manager

Krafist er a.m.k. 5 ára reynslu af verkefnastjórnun, þar af 3 ár stjórnun mjög flókinna verkefna/verkefnaskrá/verkefnastofna. Fyrir sérfræðinga sem stýra flóknum verkefnum.

### IPMA Level A – Certified Project/Programme/Portfolio Director

Krafist er a.m.k. 5 ára reynslu af stjórnun verkefna/verkefnaskrá/verkefnastofna + 3 ár sem verkefnisstjóri mjög flókinna verkefna á strategísku leveli.

Gildistími er 5 ár – Hægt er að sækja um endurvottun að þeim tíma liðnum með að sýna fram á virkni í verkefnastjórnun og áframhaldandi þróun á hæfni.

# IPMA D stig

## Certified Project Management Associate

### Fyrir hvern?

D-stigið hentar sérstaklega vel fyrir:

- Einstaklinga sem eru að hefja feril í verkefnastjórnun
- Teymismeðlimi í verkefnum sem vilja auka skilning sinn á verkefnastjórnun
- Háskólanemendur og nýútskrifaða sem vilja öðlast samkeppnisforskot
- Fagfólk sem vinnur með verkefnastjórum og vill skilja betur aðferðafræðina

### Hæfniskröfur

- Þekking á hæfnisþáttum IPMA samkvæmt ICB4
- Skilningur á grundvallarhugtökum og aðferðum verkefnastjórnunar
- Geta til að beita þekkingu sinni í skipulögðu umhverfi
- **Engar kröfur um reynslu af verkefnastjórnun**

Sótt um á vefsíðu VSF: IPMA D: Certified Project Management Associate

# Ferli D stigs vottunar

Vottunarferlið fyrir D-stig er einfaldast allra IPMA vottana og felur í sér þrjá meginþætti:

### Umsókn

Umsækjandi fyllir út umsókn á vefsíðu VSF og skilar inn nauðsynlegum gögnum, þar á meðal sjálfsmati á hæfni.

### Próftaka

Umsækjandi tekur 3 klst. próf sem metur þekkingu á öllum hæfnisþáttum IPMA. Prófið samanstendur af krossaspurningum og opnum spurningum.

### Skírteini

Að loknu farsælu prófi fær umsækjandi IPMA D vottun sem gildir í 5 ár.

Í D-stigs ferlinu er ekki krafist viðtals við matsaðila eins og í hærri stigum vottunar, sem gerir ferlið bæði einfaldara og fljótlegra í framkvæmd.




**Figure 7. Assessment Path for IPMA Level D**

# IPMA C stig

## Certified Project Manager

### Fyrir hvern?

C-stigið hentar sérstaklega vel fyrir:

- Reynda verkefnastjóra með minnst 3 ára reynslu af verkefnastjórnun
- Verkefnastjóra sem hafa stýrt verkefnum af miðlungs flækjustigi
- Einstaklinga sem vilja fá alþjóðlega viðurkenningu á hæfni sinni
- Fagfólk sem hefur áhuga á að þróa feril sinn áfram í verkefnastjórnun

### Hæfniskröfur

- Minnst 3 ára reynsla af verkefnastjórnun síðastliðin 8 ár
- Sýnileg hæfni í að beita aðferðafræði verkefnastjórnunar
- Geta til að stýra verkefnum af miðlungs flækjustigi
- Þekking og skilningur á hæfnisþáttum ICB4

Sótt um á vefsíðu VSF: IPMA C: Certified Project Manager

# C stigs ferli

C-stigs vottunarferlið er ítarlegra en D-stigið og metur bæði þekkingu og reynslu umsækjanda í verkefnastjórnun.

## Umsókn

Umsækjandi skilar inn umsókn með ferilskrá, yfirliti yfir verkefni, mati á flækjustigi verkefna og sjálfsmati á hæfni.

## Próftaka

Umsækjandi tekur 3 klst. próf með opnum spurningum og verkefnum sem krefjast reynslu af verkefnastjórnun.

## Viðtal

Einstaklingsbundið viðtal við tvo matsaðila þar sem hæfni er metin með umræðum um reynslu og þekkingu.

## Vottun

Eftir farsælt ferli fær umsækjandi alþjóðlega viðurkennda IPMA C vottun ásamt ítarlegri endurgjöf.




**Figure 6. Assessment Path for IPMA Level C**

# IPMA B stig

## Certified Senior Project Manager

### Fyrir hvern?

B-stigið hentar sérstaklega vel fyrir:

- Reyndra verkefnastjóra með minnst 5 ára reynslu af verkefnastjórnun
- Verkefnastjóra sem hafa stýrt **flóknum verkefnum** í að minnsta kosti 3 ár
- Leiðtoga í verkefnastjórnun sem vilja staðfesta faglega getu sína
- Stjórnendur sem bera ábyrgð á stórum og mikilvægum verkefnum

### Hæfniskröfur

- Minnst 5 ára reynsla af verkefnastjórnun síðastliðin 8 ár
- Minnst 3 ára reynsla af stjórnun flókinna verkefna
- Sýnileg hæfni í að beita aðferðafræði verkefnastjórnunar í flóknu umhverfi
- Djúp þekking á öllum hæfnisþáttum ICB4

Sótt um á vefsíðu VSF: IPMA B: Certified Senior Project Manager




**Figure 5. Assessment Path for IPMA Level B**

# Vottunarferli B stig

B-stigs vottunarferlið er ítarlegt og metur bæði þekkingu og umfangsmikla reynslu umsækjanda í verkefnastjórnun. Það inniheldur þessa lykilþætti:

## Umsókn

Umsækjandi skilar ítarlegri umsókn með ferilskrá, yfirliti yfir verkefni, mati á flækjustigi verkefna og sjálfsmati á hæfni.

## Próftaka

Umsækjandi tekur 3 klst. próf með ritgerðarspurningum og krefjandi verkefnum þar sem reynir á reynslu og hæfni.

## Skýrslugerð

Umsækjandi skilar ítarlegri skýrslu um raunverulegt verkefni sem hann hefur stýrt, með tengingum við hæfnisþætti.

## Viðtal

Ítarlegt viðtal við tvo matsaðila þar sem hæfni er metin með umræðum um verkefnið, reynslu og þekkingu.

## Vottun

Eftir farsælt ferli fær umsækjandi alþjóðlega viðurkennda IPMA B vottun ásamt endurgjöf.

# IPMA A stig

## Certified Senior Project Manager

### Fyrir hvern?

B-stigið hentar sérstaklega vel fyrir:

- Reyndra verkefnastjóra með minnst 5 ára reynslu af verkefnastjórnun
- Verkefnastjóra sem hafa stýrt **flóknum verkefnum** í að minnsta kosti 3 ár
- Leiðtoga í verkefnastjórnun sem vilja staðfesta faglega getu sína
- Stjórnendur sem bera ábyrgð á stórum og mikilvægum verkefnum

### Hæfniskröfur

- Minnst 5 ára reynsla af verkefnastjórnun síðastliðin 8 ár
- Minnst 3 ára reynsla af stjórnun flókinna verkefna
- Sýnileg hæfni í að beita aðferðafræði verkefnastjórnunar í flóknu umhverfi
- Djúp þekking á öllum hæfnisþáttum ICB4

Sótt um á vefsíðu VSF: IPMA B: Certified Senior Project Manager




**Figure 4. Assessment Path for IPMA Level A**

# Vottunarferli A stig – einungis á ensku

A-stigs vottunarferlið er ítarlegt og metur bæði þekkingu og umfangsmikla reynslu umsækjanda í verkefnastjórnun. Það inniheldur þessa lykilþætti:

### Umsókn

Umsækjandi skilar ítarlegri umsókn með ferilskrá, meðmælendum,, yfirliti yfir verkefni, mati á flækjustigi verkefna og sjálfsmati á hæfni.

### Skýrslugerð

Umsækjandi skilar ítarlegri skýrslu um raunverulegt verkefni sem hann hefur stýrt, með tengingum við hæfnisþætti.

### Viðtal

Ítarlegt viðtal við tvo matsaðila þar sem hæfni er metin með umræðum um verkefnið, reynslu og þekkingu.

### Vottun

Eftir farsælt ferli fær umsækjandi alþjóðlega IPMA A vottun ásamt endurgjöf.

# Umsóknargögn

1. VSF FRM 101 Application form (for A, B, C, D levels)
2. VSF FRM 102 Self assessment (for A, B, C, D levels)
3. VSF FRM 103  CV (use your own form)
4. VSF FRM 104 Complexity Assessment (for A, B, C levels)
5. VSF FRM 105 Executive Summary for Projects  (for A, B, C - Projects)
6. VSF FRM 106 Executive Summary for Programs  (for A, B, C - Programs)
7. VSF FRM 107 Executive Summary for Portfolios  (for A, B, C - Portfolios)
8. VSF FRM 108 Report Template  (for A & B - can also use your own form)
9. VSF FRM 109 Candidate Report Assessment  (for A & B - support material)
10. VSF FRM 110 Recertification Application (for recertification but very smart to use from the day you get certified until you apply for recertification 🌟 )
11. VSF FRM 304 Appeals

| | | (1) | (2) | (3) | (4) |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Markmið og mat á niðurstöðum (Output-related complexity): Þessi vísir fjallar um hvernig óljós, krefjandi og ósamrýmanleg markmið, þarfir og væntingar hafa áhrif á flækjustigið. | | | | |
| 1,1 | Skýrleiki upphaflegra markmiða, þarfa og væntinga | Allt á hreinu | Flest á hreinu | Sumt á hreinu | Varla nokkuð á hreinu |
| 1,2 | Áskoranir við að ná settum markmiðum og uppfylla þarfir og væntingar | Öllu náð | Flestum náð | Sumum náð | Varla nokkrum náð |

# Flækjustig verkefna (A, B og C)

Flækjustig verkefna er metið með stöðluðu eyðublaði sem tekur tillit til margra þátta sem áhrif hafa á umfang og flækjustig verkefna. Þetta er mikilvægur hluti af því að meta hvort reynsla umsækjanda uppfylli kröfur viðkomandi vottunarstig.

### B-stigs flækjustig

Flækjustig sem krafist er fyrir B stigs verkefni er => 25

Verkefni á þessu stigi eru umfangsmikil og flókin með margþætta hagsmunaaðila, háa áhættu og krefjandi áætlanagerð.

### C-stigs flækjustig

Flækjustig sem krafist er fyrir C stigs verkefni er => 16

Verkefni á þessu stigi eru af miðlungs umfangi með nokkra hagsmunaaðila og áskoranir í verkefnastjórnun.




# Skýrsla A og B stig

## Lágmarksupplýsingar:

### Bakgrunnur og umgjörð

- Hlutverk, verksvið og ábyrgð umsækjanda
- Bakgrunn og forsendur (tegund og umfang verkefnis, viðskiptavini þess og aðra mikilvæga hagsmunaaðila, aðföng og flækjustig, o.s.frv.)
- Markmið verkefnis og árangur sem náðist
- Skipulag verkefnis

### Aðferðafræði og árangur

- Yfirlit yfir verkferla / aðferðir við verkefnastjórnun
- Einkennandi þættir verkefnis
- Niðurstöður/árangur verkefnis eða hvers verkáfanga

### Ítarleg umfjöllun

- Stjórnun og forysta. Krefjandi stjórnunarlegir þættir
- Hvernig tekið var á málum og hvernig gekk?
- Hvaða lærdóm hefurðu dregið af þessu?
- **Hámark 25 bls skýrsla + 15 bls viðaukar (leturstærð 11)**



# Próf - almennt

### Tilgangur

Prófin meta grunnþekkingu próftaka á einstökum þáttum aðferðafræði verkefnastjórnunar og getu til að beita þeim við raunverulegar aðstæður.

### Undirbúningur

Mælt er eindregið með lestri **Grunnviðmið um hæfni verkefnastjóra, útgáfa 4.0** / Individual Competance Baseline (ICB4)

### Lágmarksárangur

Krafist er lágmarksárangurs á öllum stigum
60% rétt svarað & Hæfni í 80% hæfniviðmiða

### Framkvæmd

Öll próf eru rafræn og taka 3 klukkustundir. Umsækjendur fá tengil í rafrænt prófkerfi VSF í síðasta lagi 24 klst fyrir próf.

# Samsetning prófa

Uppbygging prófa tekur mið af því vottunarstigi sem verið er að meta og eru prófin því ólík að uppbyggingu milli stiganna þriggja. Mismunandi kröfur eru gerðar til svaranna eftir stigum.

## Próf á B-stigi

Opnar spurningar (ritgerðaspurningar / verkefni) sem svara þarf með dæmum úr eigin reynslu og verkefnum til úrlausnar (þar sem t.d. vinna þarf svörin upp úr dæmisögum). Prófið tekur 3 klst.

## Próf á C-stigi

Opnar spurningar (ritgerðaspurningar / verkefni) sem svara þarf með dæmum úr eigin reynslu og verkefnum til úrlausnar (þar sem t.d. vinna þarf svörin upp úr dæmisögum). Prófið tekur 3 klst.

## Próf á D-stigi

Prófið er samsett af lokuðum spurningum (krossapróf m. 4 möguleikum) og opnum spurningum og jafnvel litlu verkefni. Prófið tekur 3 klst.

# Almenn ráð

## Áhersla á verkefnastjórnun

Verið er að meta hæfni þína sem verkefnastjóra - leggið áherslu á verkefnastjórnunina í verkefninu fremur en verkefnið sjálft.

## Leiðbeiningar

Lesið leiðbeiningar á eyðublaði vandlega og gangið úr skugga um að þú skiljir ferlið til fulls.

## Vandaður undirbúningur

Vandið umsókn og skýrslugerð. Komið frá ykkur á skipulegan hátt með skýrum tilvísunum í hæfnisþætti.

Tenging við raunveruleg dæmi úr þínum verkefnum er mikilvægasti þátturinn í vottunarferlinu fyrir A, B og C level.
Sýnið fram á hvernig þið hafið beitt aðferðafræðinni í raunverulegum aðstæðum.



# Staðið / Ekki staðið

## Til að standast vottun:

## D stig

- **Fullnægjandi umsókn**

  Öll nauðsynleg gögn þurfa að vera skilað á réttum tíma og í réttu formi. Þetta felur í sér að fylla út sjálfsmat og aðrar nauðsynlegar upplýsingar á umsóknareyðublaði.

- **Þekking á 80% hæfnisþáttanna**

  Umsækjandi þarf að sýna fram á þekkingu á a.m.k. 80% allra hæfnisþátta sem prófað er úr. Þessi þáttur er sérstaklega metinn óháð heildarárangri.

- **60% réttra svara**

  Umsækjandi þarf að svara a.m.k. 60% af spurningum prófsins rétt í heild sinni. Þetta er metið sérstaklega frá þekkingu á hæfnisþáttum.




# Staðið / Ekki staðið

## Til að standast vottun – C stig:

- **Fullnægjandi umsókn**

  Öll nauðsynleg gögn þurfa að vera skilað á réttum tíma og í réttu formi, þ.m.t. ferilskrá, yfirlit verkefna, mat á flækjustigi og sjálfsmat.

- **Reynsla sem verkefnastjóri**

  Sýna fram á a.m.k. **3 ára reynslu af verkefnastjórnun á síðustu 8 árum, með verkefni af C-stigs flækjustigi (≥ 16 stig).**

- **Árangur í prófi**

  Svara 60% af prófinu rétt. Prófið metur hæfni til að beita þekkingu í raunverulegum aðstæðum.

- **Viðtal við matsaðila**

  Standast viðtal við tvo matsaðila sem meta þekkingu og reynslu af beitingu hæfnisþáttanna (80%) og lykilhæfnisvísanna (50%).

# Staðið / Ekki staðið

## Til að standast vottun B stig:

- **Fullnægjandi umsókn**

  Öll nauðsynleg gögn þurfa að vera skilað á réttum tíma og í réttu formi, þ.m.t. ferilskrá, yfirlit verkefna, mat á flækjustigi og sjálfsmat.

- **Reynsla sem verkefnastjóri**

  Sýna fram á **a.m.k. 5 ára reynslu af verkefnastjórnun á síðustu 8 árum, þar af 3 ár með verkefni af B-stigs flækjustigi (≥ 25 stig).**

- **Árangur í prófi**

  Svara 60% af prófinu rétt. Prófið inniheldur opnar spurningar og verkefni.

- **Skýrsla**

  Skila ítarlegri skýrslu um verkefni sem umsækjandi hefur stýrt, með skýrum tengingum við hæfnisþætti og hæfnisvísa IPMA.

- **Viðtal við matsaðila**

  Standast viðtal við tvo matsaðila sem meta þekkingu og reynslu af beitingu hæfnisþáttanna (80%) og lykilhæfnisvísanna (50%).

Umsókngögn 4 vikum fyrir próf f. B og C
Umsóknargögn 2 vikum fyrir próf f. D

# Dagskrá 2026

1

### Kynningarfundir

Janúar, mars og ágúst 2026

2

### Umsóknarfrestur f. næstu vottanir

IPMA D: 1.apríl
IPMA C: 19.mars
IPMA B: 1.apríl

3

### Næstu Próf

IPMA D 13.apríl 5. og 6.maí
IPMA C 16.apríl og 20.maí
IPMA B: 29.apríl og 3.júní

4

### Viðtöl

Eftir staðið próf (C stig)
Eftir staðið próf og skil á verkefnisskýrslu (B stig)
Eftir samþykkt umsóknargögn (A stig)



# Takk fyrir!

## Hafðu samband

**Verkefnastjórnunarfélag Íslands**

Netfang: vsf@vsf.is

Vottunarmál: vottun@vsf.is

Vefsíða: www.vsf.is